

Útikennsla í leikskólanum Norðurbergi í Hafnarfirði

Leikskólinn Norðurberg hefur smám saman verið að marka sér ákveðna stefnu í sambandi við útikennslu barna. Eitt af umhverfismarkmiðum Norðurbergs er að

barnið kynnist umhverfi leikskólans og þeirri náttúru sem

umlykur það og læri að bera virðingu fyrir henni. Við trúum

því að með þessu sé hægt að stuðla að bættri umgengni og

nánari tengslum barnanna við umhverfi okkar og náttúru.

Einnig lítum við svo á að með því að veita börnum

tækifæri til dvalar úti í náttúrunni eflist alhliða þroski

þeirra. Ýmsar rannsóknir hafa bent til þess að þegar

börn dvelja í náttúrulegu umhverfi þá aukist hreyfiproski

þeirra meira en í manngerðu umhverfi. Sjálfstraust þeirra,

einbeiting og félagsfærni aukist og að þau verði sjaldnar veik. Einnig

er talið að aukin og markviss útivera dragi úr andlegu álagi sem oft leiði til

óæskilegrar hegðunar.

Öll börn í leikskólanum Norðurbergi fara út a.m.k. einu sinni á dag og auk þess fara

þau í „náttúruskoðanir“ einu sinni í viku. Í þeim ferðum fer hver hópstjóri með sinn

hóp út í náttúruna til þess að upplifa og njóta. Úti í

náttúrunni örvast skilningarvit barnanna, þau finna

lykt, heyra hljóð og geta fundið áferð þess sem

fyrir þeim verður. Talið er að með slíkri reynslu

læri börn best. Allir hópar velja sér leynistað úti í

náttúrunni og eina skilyrðið fyrir því vali er að á

leynistaðnum sé tré, þannig að hægt sé að fylgjast með þeim breytingum sem verða



eftir árstíðunum. Börnin eru til dæmis mynduð á leynistaðnum að hausti, vetri, vori og sumri. Þannig átta þau sig betur á þeim breytingum sem verða á umhverfinu. Útikennsla barnanna er sniðin að aldri þeirra og þroska. Á yngri deildum er lögð meiri áhersla á að börnin upplifi og njóti þess að vera úti í náttúrunni en eldri börnin fá að auki meiri fræðslu um það sem náttúran hefur að geyma.

Yngstu börnin

Yngstu börnin byrja á því að velja sér leynistaði í nærumhverfi leikskólans. Þau velja sér yfirleitt leynistað á leikskólalóðinni og þangað er farið í hvert sinn sem þau fara í náttúruskoðun. Við lítum svo á að með því að fara alltaf á sama staðinn þá fari börnin smám saman að þekkja umhverfið og geti því frekar séð þær breytingar sem verða á því og ekki hvað síst verða þau örugg, þekkja sig. Markmiðin með útikennslu yngstu barnanna eru til dæmis; að þau upplifi þegar trén fella laufin að hausti og fylgist með þeim myndast aftur að vori, þau sjái grasið grænka, fífla spretta, komi auga á fugla, skordýr o.s.frv.



3-4 ára börn

Á miðdeildum leikskólans fer hver hópstjóri með sinn hóp í náttúruskoðun einu sinni í viku. Eins og hjá yngstu börnunum er yfirleitt farið með börnin á sama stað í þessum ferðum og fer þessi aldurshópur í gróið hraun í nágrenni leikskólans. Það er gaman að segja frá því að börnin fundu sjálf nafn á hraunið og er það nú jafnan kallað „Hraunið okkar.“



Reynslan sýnir að börn sækja í endurtekningar og hafa athuganir ýmissa fræðimanna bent til þess að þau þurfi á þeim að halda til þess að öðlast öryggi og til þess að geta lært enda byggja þau stöðugt á fyrri reynslu. Þau fari til dæmis að

kannast við gróðurinn sem þau sjá, steinana og klettana. Þau fara að þekkjja sprungur, misfellur og annað sem gæti ógnað öryggi þeirra. Í „Hrauninu okkar“ velja hóparnir sér leynistaði sem þau fylgjast með frá viku til viku og hlúa að honum yfir árið. Þarna fá börnin tækifæri til að upplifa, rannsaka og prófa það sem fyrir augu þeirra ber. Hópstjórar eru hvattir til að fylgjast með því sem börnin eru að fást við og aðstoða þau í þekkingarleit sinni. Markmið með útikennslu þessa aldurshóps eru til dæmis þau að börnin kynnist gróðri, plöntum, fuglum og skordýrum sem finna má, og samspili þeirra úti í náttúrunni og átti sig á hvernig náttúran breytist eftir árstíðum.

Elstu börnin

Elstu börnin fara einnig í náttúruskoðanir út í „Hraunið okkar“ einu sinni í viku. Að auki fara þessi börn einu sinni í mánuði í ferðir í Höfðaskóg sem er á svæði Skógræktar Hafnarfjarðar við Hvaleyrarvatn. Þessar ferðir hafa fengið nafnið „Skógarskólinn.“ Þegar börnin fara í skóginn þá dvelja þau þar frá kl. 10:00 árdegis til klukkan 15:30 og fá þau því bæði hádegisverð og nónhressingu þar. Markmið útikennslunnar hjá þessum aldurshópi eru til dæmis að börnin kynnist gróðri, plöntum, fuglum og skordýrum sem þau sjá úti í náttúrunni og fræðist um lífnaðarhætti þessara lífvera. Börnin átti sig á hvaða hlutir tilheyra náttúrunni og hvaða hlutir gera það ekki og geri sér jafnframt grein fyrir breytingum sem verða á náttúrunni eftir árstíðum. Í útikennslu þessa hóps er reynt að koma inn á öll námssvið leikskóla. Sem dæmi um það má nefna að úti í náttúrunni er sungið, lesið, teiknað, skrifað, atkvæði orða eru klöppuð og börnin finna orð sem ríma við það sem þau sjá úti í náttúrunni. Lögð er áhersla á að börnin kunni að skrifa nafnið sitt og við það vaknar yfirleitt áhugi á bókstöfunum. Þennan áhuga tengjum við heitum á ýmsum fyrirbærum í náttúrunni



sem heita einhverjum nöfnum. Því höfum við útbúið stóra bókstafi með börnunum sem við síðan felum á ýmsum stöðum t.d. í "Hrauninu okkar" og börnin leita að. Til dæmis er S sett hjá steini, T hjá tré, G hjá gili o.s.frv. Í raun er litið svo á að flest það sem hægt er að gera innan veggja leikskólans sé einnig hægt að gera úti í náttúrunni.



Útikennsla hjá elstu börnunum hefur verið sett í ákveðinn ramma, þar sem miðað er við að ferðirnar í „Hraunið okkar“ hafi alltaf sama **upphaf**, **miðju** og **endi**. Í **upphafi** ferðanna fá þrjú börn í hópnum ákveðin hlutverk. Eitt barn er *veðurfræðingur*, annað er *forystusauður* og það þriðja er *fréttamaður*. *Veðurfræðingurinn* athugar með veðrið áður en haldið er af stað í hraunið og lætur börnin vita á myndrænan hátt hvernig þau skuli klæða sig. *Forystusauðurinn* fer fyrir hópnum á leiðinni í og úr hrauninu og gætir þess að allir fari eftir umferðarreglum og haldi hópinn. Hann heldur á heimatilbúnum fána. Í lok ferðanna rifjar *fréttamaðurinn* ferðina upp og spyr hin börnin hvernig upplifun þeirra á ferðinni hafi verið. Þessi hlutverk eiga meðal annars að stuðla að því að börnin verði meðvitaðri um hvernig klæðnaður henti í mismunandi veðri, þau verði öruggari við að tjá sig fyrir framan aðra og læri að axla ábyrgð.

Í **miðju** ferðanna eru verkefni lögð fyrir. Verkefnin eru fjölbreytt og mátulega krefjandi og reynt er að sjá til þess að þau komi inn á námssvið leikskóla. Í ferðunum er alltaf **endað** á því að börnin fá sér heitan „hraunsafa“ og „nasl“ og fréttamaðurinn rifjar ferðirnar upp eins og áður hefur verið lýst.

Í þessari samantekt hefur í stórum dráttum verið sagt frá því hvernig útikennsla er háttað í leikskólanum Norðurbergi. Þess ber að geta að útikennsla leikskólans er

Í stöðugri þróun og hefur starfsfólk gert töluvert af því að fylgjast með og tileinka sér nýja hluti sem eru að gerast á þessu sviði bæði hér á landi og erlendis.

